

Stóðhestahólf – Gátlisti

Minnispunktur fyrir umsjónarmenn stóðhestahólfa

Fjöldi hryssna hjá stóðhesti

- *Æskilegur hámarksfjöldi hryssna sem hleypt er í hólf hjá stóðhesti þar sem tímabilið er 4-6 vikur eru 25 hryssur.*
- *Þó um lengra tímabil sé að ræða er ekki æskilegt að fleiri en 30 - 35 hryssur séu hjá séu hjá hestinum í senn.*
- *Ef hryssu er bætt inn í hóp hjá stóðhesti þarf að fylgjast mjög vel með því hvernig stóðhesturinn tekur hryssunni en það getur verið mjög breytilegt milli stóðhesta.*
- *Hæfilegt er að nota hvern stóðhest á 50 – 60 hryssur á ári. Notkun þarf þó að taka mið af aldri og ástandi hestsins. Ungfolum og gömlum hestum er ekki hægt að ætla sama fjölda og fullþroskuðum hestum í góðu formi. Yfirleitt ná stóðhestar ekki fullri frjósemi fyrr en við 6 vetra aldur.*
- *Stóðhestar sem fá mikla notkun og eru notaðir í meira en einu gengi ættu að fá nokkra daga hvíld á milli tímabila til þess að endurnýja krafta sína.*

Áreiti frá umhverfi

- *Óæskilegt er að utanaðkomandi hross komist að stóðhestagirðingu, en það getur haft mjög truflandi áhrif á stóðhestinn og jafnvel skapað hættu á að hross fari í eða á girðingar.*

Beiti

- *Grundvallaratriði er að beitin endist allt tímabilið og sé það góð að hún dugi hryssum til viðhalds og mjólkurmyndunar og folöldum til eðlilegs þroska. Verði afturkiptur í fódrun hrossanna getur það haft neikvæð áhrif á frjósemina.*
- *Ástand hólsins ætti aldrei að fara niður fyrir ástandsflokk 2 samkvæmt riti Landgræðslunnar og Rala “Hrossahagar”.*
- *Góður kostur getur verið að bjóða upp á hey með beitinni en það eykur fjölbreytni fódurs og léttir beitarálagið.*
- *Nauðsynlegt er að hrossin hafi aðgang að salti.*
- *Nánari leiðbeiningar um landgæði fylgja í viðauka sem birtur er á heimasíðu Fhb.*
- *Héraðsfulltrúar Landgræðslunnar eru fúsir að veita leiðbeiningar um beitemál.*

Vatn

- *Vatn þarf að vera í nægilegu magni, hreint og ómengað. Því er best að rennandi vatn sé í hólfinu, ekki treysta á tjarnir, skurði eða dj.*

Girðingar

- Yfirfara þarf allar girðingar svo tryggt sé að þær þjóni tilgangi sínum og/eða valdi ekki slysum. Í reglugerð nr. 748/2002 er kveðið á um hvaða lágmarks skilyrði girðing þarf að uppfylla til þess að teljast fullnægjandi varsla fyrir hross.

Hættur

- Tryggja þarf að ekki finnist hættur í hólfinu s.s. gamlar girðingadræsur, dý eða jarðföll.
- Ef skurðir eru í hólfinu þarf að meta hvort þeir séu hættulausir, annars að girða þá af.

Ormalyfsgjafir

- Æskilegt er að öll hross fari ormahreinsuð í stóðhestahólf. Það dregur verulega úr ormasmiti í haganum.
- Þrátt fyrir að ormalyf sé gefið áður en hrossum er hleypt í hólfið er nauðsynlegt að gefa folöldum og hryssum ormalyf þegar þau koma heim úr stóðhestahólfum.

Merking hrossa

- Öll hross sem koma í hólfið ættu að vera einstaklingsmerkt.
- Þó að folöld séu merkt er það góð regla hjá stóðhesthaldara að skrá niður kyn og litareinkenni þeirra.

Stóðhestaskýrslur

- Stóðhestaskýrslur og fyljunarvottorð frá BÍ eru góð form til að halda utan um skráningu á hryssunum og niðurstöðum sónarskoðana.
- Skýrslunum er hægt að skila inn til næsta búnaðarsambands til skráningar í WorldFeng.

Eftirlit

- Umráðamenn stóðhesta skulu hafa daglegt eftirlit með stóðhestahólfum, enda er kveðið á um það í aðbúnaðarreglugerð fyrir hross (reglugerð 160/2006 um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa). Umráðamenn stóðhesta bera með því ábyrgð á að hross sem verða fyrir áreiti eða slysum í slíkum girðingum séu tekin frá og eigendum þeirra gert viðvart. Eigendur skulu sjá til þess að slösuð hross fái þá meðferð sem nauðsynlegt er.
- Fylgjast skal með heilbrigði hrossanna og að nægt framboð sé af fódri og drykkjarvatni.
- Fylgjast þarf með atferli hrossanna því hegðun einstakra hryssna í hólfinu getur valdið verulegri truflun fyrir stóðhestinn og hamlað því að fyljun verði eðlileg í hólfinu.
- Ekki er ráðlegt að setja hryssur í stóðhestahólf sem ekki hafa haldið undangengin 1-2 ár án dýralæknisskoðunar.

Samningar

- *Góð regla er að gera skriflega samninga þegar stóðhestar eru teknir á leigu. Samningaform má nálgast á heimasíðu Fhb.*

Ábyrgð

- *Algengast er að hryssur séu á ábyrgð eigenda sinna í stóðhestahólfum.*
- *Umsjónarmaður stóðhestahólfs getur þó verið skaðabótaskyldur ef um tjón er að ræða, verði hann uppvís að vítaverðu gáleysi sem brýtur í bága við reglugerð um aðbúnað hrossa.*

Gátlisti þessi er gerður í janúar 2007 í samstarfi fulltrúa Félags hrossabænda, Bændasamtaka Íslands, Hólaskóla, Landbúnaðarstofnunar, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins.

